


## ✉ Re: Garðahraun efra

Búið til	5.11.2020 12:57:47
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	5.11.2020 12:57:47
Tilheyrir	 202010-0034 - Garðahraun efra - friðlýsing

### Efni

Re: Garðahraun efra

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	5.11.2020 12:57:47	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	41-2 Tillögur um friðlýsingar svæða eða náttúrumyndana		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is

### Innihald

Tilvísun í málsnr. 202010-0034 (KJ, TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 19. október sl., þar sem óskað er eftir mati Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi þess hluta efra Garðahrauns sem ekki er friðlýst í dag, sbr. meðfylgjandi mynd með erindi Umhverfisstofnunar.

Almennt:

Náttúrufræðistofnun hefur ekki kannað sérstaklega þann hluta Búrfellshrauns sem um er að ræða hér, þ.e. þennan hluta Garðahrauns. Almennt má segja um verndargildi hrauna að um er að ræða fágætar jarðmyndanir og landslagsform á heimsvísu og hafa hraun því að öllu jöfnu hátt verndargildi. Samkvæmt liðum b. og d. í 3. gr. laga 60/2013 um náttúruvernd eru verndarmarkmið fyrir jarðminjar og landslag „að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu og „að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis“. Hraun hafa því hátt verndargildi bæði sem jarðmyndanir og landslag. Þá njóta eldvörp, eldhraun, gervígígar og hraunhellar sem mynduðust eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. sömu laga og forðast ber að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til.

Búrfellshraun er innan höfuðborgarsvæðisins og það eitt gefur því mikið fræðslu- og útivistargildi. Stórum hlutum hraunsins hefur þó verið raskað með byggingum og vegagerð og því er brýnt að varðveita það sem eftir er bæði vegna eigin gilds og vegna þess að hraunið mótar landslag Garðabæjar á þessu svæði.

Afmörkun Garðahrauns sem sem fylgir beiðninni er frekar óskýr en gera má ráð fyrir að afmörkunin fylgi nyrstu og vestustu mörkum fólkvangsins í Garðahrauni sbr. auglýsingu nr. 510/2014. Sá hluti hraunsins sem nú er til umræðu er því eðlilegt framhald af fyrri friðlýsingu. Eins og áður segir var ekki farið á vettvang en skv. lofmyndum og staðþekkingu má sjá að jaðri hraunsins hefur verið raskað þar sem það snýr að iðnaðarhverfinu sunna megin og við götuna Hraunhóla er nokkur byggð. Einhver röskun er þar ásamt við Fjarðarkaup og nágreppi. Jaðarinn við Hraunhóla er helluhraun, en innar á hrauninu tekur við klumpahraun, svipað og meirihluti Urriðakotshrauns og Vífilsstaðahrauns/Svínahrauns. Eitthvað er um greintré við hraunjaðarinn sem vel mætti fjarlægja í það minnsta þar sem þessar tegundir eru komnar inn á hraunið eða hylja ásýnd að því a.m.k. á almennum útivistarsvæðum.

Af loftmyndinni að dæma virðist hraunið innan svæðisins vera tiltölulega lítt raskað fyrir utan framandi gróður og stígamyndun, en til að meta hvort nauðsynlegt sé að fara í einhverjar aðgerðir þyrfti að fara á svæðið..

Niðurstaða:

Segja má að verndargildi þessa hluta Garðahrauns felist fyrst og fremst í almennu verndargildi hrauna og jafnframt að við friðlýsingu hraunsins verði um að ræða heildstæðari vernd á jarðmynduninni Garðhrauni / Búrfellshrauni. Ennfremur á verndin að tryggja að ekki sé farið í framkvæmdir á þessu svæði sem um leið tryggir áframhaldandi útivistarmöguleika og vernd landslags svæðisins sem svo aftur eykur gæði þess í heild. Það er menningarlegt gildi þess svo sem vegna fræðslu, útivistar og landslags.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is) (<mailto:trausti@ni.is>)



---

**From:** "Ingibjörg Marta Bjarnadóttir" <[ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is](mailto:ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is)>  
**To:** "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>  
**CC:** "Trausti Baldursson - NI" <[Trausti.Baldursson@ni.is](mailto:Trausti.Baldursson@ni.is)>  
**Subject:** Garðahraun efra  
**Date:** 19.10.2020 09:48:43

Góðan daginn

Garðabær hefur óskað eftir því við Umhverfisstofnun að unnið verði að friðlýsingu þess hluta Garðahrauns efra sem er ekki friðlýstur nú þegar, sjá afmörkun í viðhengi.

Umhverfisstofnun óskar því eftir mati á verndargildi svæðisins sem fyrirhugað er að bæta við fólkvanginn í Garðahrauni efra.

**Bestu kveðjur, Best regards**

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið samþættingar, Department of Integration



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

## Viðhengi

image001.gif (2 KB)
afmörkun.png (141 KB)
image001.gif (2 KB)
image001.png (3 KB)